# HEIMKOMA

MARGRET OLAFSDOTTIR




Er kemur þú siglandi´af hafinu heim,
svo horskur, að lokinni för,
við skynjum að vorsólin skín okkur tveim
er skipið þitt leggur að vör.
Nú stundin til dagmáls ei lengur er löng
og lífið er unaður skær,
er fuglarnir taka´undir sjávarins söng,
og sameinast mannverur tvær.